

Alþingi
Erindi nr. P 127/288
komudagur 29.11.2001

Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Moldnúpi 26.11.2001

Efni: Tillaga til þingsályktunar um sérstakt átak til að treysta byggð og efla atvinnulíf á landsbyggðinni.

Ferðamálasamtök Suðurlands fagna því að áhugi þingmanna VG beinist að landsbyggðinni og ekki hvað síst að ferðaþjónustunni.


Ljóst er að landsbyggðin þarf á stuðningi að halda og ekki hvað síst ferðaþjónustan þar sem nýting er í lágmarki, en aðstaða boðleg hvaða gesti sem er. Það er dýr fjárfesting að halda úti rekstri á slíkum forsendum. Ferðaþjónustan er í mjög óljósri stöðu í heiminum í dag, þess vegna er bráðnaðsynlegt að styðja vel við bakið á greininni. Þetta er jú sú grein sem næst á eftir sjávarútvegi er að skapa mestar tekjur í þjóðarbúskapinn.

FSS benda ennfremur á að í skýrslu Byggðastofnunar kemur fram að Suðurland er lægsta launasvæði landsins sem og hafnarlaust á stóru svæði þannig að samgöngur þurfa að vera í meira en góðu lagi, og atvinnutækifæri sem skapa hærri laun miklu fleiri.

Einnig viljum við benda á að 6 ára framlag í einn landshluta án þess að tilgreina hvenær hinir landshlutarnir koma til greina er stór spurning fyrir þá sem þurfa að bíða. Þess vegna leggjum við til að byrjað verði með tvo landshluta, því landshlutasvæðin eru misþung og ef ekkert er til samanburðar við Austurland á þá að hætta ef ekki næst árangur á því svæði. En ef tveir landshlutar væru í einu þá er samanburður og árangur mælanlegri.

Að lokum leggjum við áherslu á að íbúar svæðisins verði með í ráðum og vel virkjaðir í slíku átaki.

Virðingarfyllst,
Ferðamálasamtök Suðurlands,



Eyja Þóra Einarisdóttir
Moldnúpi.
861 Hvolsvöllur